

# Minnisblað

Til: Bæjarstjórnar  
Frá: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri  
Dags. 2. nóvember 2022  
Mnr. 2022050009



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Breytingartillögur við fyrri umræðu fjárhagsáætlun 2023

Bæjarstjóri leggur fram eftir breytingar við fyrri umræðu á fjárhagsáætlun ársins 2023.

### Tillaga 1

Lagt er til að deild 13630 Upplýsingamiðstöð verði lögð niður í núverandi mynd, en verkefni færð undir deild 41710 hafnarskrifstofur. Gerðar verði ráðstafanir varðandi starfsmenn, og þeir fluttir til í starfi.

### Tillaga 2

Lagt er til að leiguverð á þjónustuíbúðum, íbúðum í eigu Fastís, og aðrar eignir Eignasjóð endurspegli raunkostnað svo þær standi undir sér.

### Tillaga 3

Lagt er til að gerðar verði ráðningarreglur sem ganga út á það að rýna í hverja starfsstöð og sjá hvort að mönnun sé í takt við þarfir. Eftir atvikum svo, þegar störf losna, að rýna vel hvort þurfi að endurráða í þau. Bæjarstjóri verði að samþykkja allar nýráðningar.

### Tillaga 4

Lagt er til að bæjarstjóra verði heimilt að setja Bakkaskjól í Hnífsdal, Suðurtanga 2 á Ísafirði og félagsheimilið á Flateyri á sölu.

### Tillaga 5

Lagt er til að endurskoðuð verði reikniregla milli A hluta og B hluta stofnana þar sem fjölmörg verkefni eru fram undan hjá B hluta stofnunum og eðlilegt að aukin kostnaður lendi viðkomandi stofnunum.

### Tillaga 6

Lagt er til að kannað verði hagkvæmni þess að bjóða út / endurskipuleggja matarþjónustu og ræstingar.